

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2013

2013/EES/31/14

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og reglugerð (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði VI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004):
„– **32012 R 0465**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4).“
2. Eftirfarandi bætist við í 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0465**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 465/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.